

**Nd.** **10. Frumvarp til laga** [10. mál]  
um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.  
(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

**1. gr.**

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:

Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

## 2. gr.

### 2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem ferskfisk- og freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á saltfiski, saltsild og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað allt að 2 mánuðum eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni, þegar um saltfisk og saltsild er að ræða, eða allt að 1 mánuði eða minnst 170 vinnustundir, þegar um skreið er að ræða. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir, hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Frumvarp þetta var flutt á seinustu tveimur þingum, 100. og 101. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Ástæður fyrir flutningi frumvarpsins eru hinar sömu og þegar það var flutt á seinustu þingum og fara athugasemdir hér á eftir óbreyttar:

Jafnframt frumvarpi þessu um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla. Meginmarkmiðið með frumvörpum þessum, ef að lögum verða, er að tryggja réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófi loknu. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert hlutverk þessara stofnana varðandi námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra.

Ef þingvilji er fyrir því að frumvörp þessi verði að lögum, er æskilegt að þau nái fram að ganga samtímis eða sem næst því þar sem markmiðunum, sem að er stefnt, verður ekki náð, nema þau nái bæði fram að ganga og er æskilegt, að slíkt gæti gerst tímanlega fyrir lok prófa fiskiðnaðarmanna frá Fiskvinnsluskólanum í maí n. k.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

### Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 55/1971 er gert ráð fyrir því, að námskeiðahald fyrir matsmenn verði alfarið á vegum Fiskvinnsluskólans, en hann leiti atbeina og samvinnu við Framleiðslueftirlitið varðandi þau. Hér er lagt til að tekin séu af tvímæli um skyldu Framleiðslueftirlitsins til slíkrar samvinnu. Fiskmat ríkisins og Framleiðslueftirlitið, sem leysti fyrrgreinda stofnun af hólmi, hafa mjög lengi haldið uppi námskeiðahaldi fyrir matsmenn og hefir Framleiðslueftirlitið talið það hlutverk sitt aðallega á grundvelli ákvæða í reglugerð nr. 71/1973 sem er eldri en lögin um Framleiðslueftirlitið. Ákvæði í lögum nr. 108/1974 um þetta efni eru óljós. Hins vegar eru skýr og ótvíræð ákvæði í gildandi lögum um Fiskvinnsluskólann um skyldu hans til að halda uppi slíkum námskeiðum og hefir

sú starfsemi verið í mótun og fer nú hraðvaxandi. Ástæðulaust er að tvær stofnanir séu að fást við þetta verkefni sitt í hvoru lagi, en hins vegar auðsætt hagræði að samvinnu umræddra stofnana í þessu efni. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að geta leitt til nokkurs sparnaðar við rekstur Framleiðslueftirlitsins.

#### Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum löggilda lögreglustjórar matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þar segir og, að nemendur úr Fiskvinnsluskólanum skuli njóta forgangs við ráðningu (löggildingu) matsmanna. Engin tímamörk eru um það, hvenær löggilding fæst. Framkvæmdin hefir verið sú, að þeir, sem sóst hafa eftir löggildingu, hafa starfað með löggiltum matsmönnum, sem hafa vottað um hæfni manna, er þeir hafa talið þá geta sinnt matsstörfum sjálfstætt. Með gr. þessari eru sett ákveðin tímamörk fyrir starfstíma með reyndum matsmönnum, kennslumatsmönnum. Jafnframt er í frumvarpi til laga um breyting á lögum um Fiskvinnsluskólann, sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu, hert á prófkröfum, sem eiga að tryggja, ásamt hinni tímabundnu starfsþjálfun, sem um ræðir í þessari gr., að lokapróf fiskvinnslumanna frá Fiskvinnsluskólanum hafi gert þá hæfa, eins og frekast er auðið, til að taka að sér sjálfstæð matsstörf.

Þess er ekki að vænta að menn með próf frá sérnámsskóla eins og Fiskvinnsluskólanum uni algerrí óvissu um það, hvenær þeir öðlist rétt til að stunda störf, sem þeir hafa sérstaklega menntað sig til að stunda.

Þess skal getið, að engin vandkvæði hafa risið í sambandi við löggildingu nemenda með próf frá Fiskvinnsluskólanum til mats á freðfiski og ferskum fiski.

Eins og fyrr segir löggilda lögreglustjórar matsmenn. Að athuguðu máli þykir rétt að fela sjávarútvegsráðuneytinu að veita matsmönnum löggildingu af hagkvæmnisástæðum, m. a. vegna náinna tengsla þess við Framleiðslueftirlitið. Þetta fyrirkomulag ætti og að geta leitt til samræmdari krafna og reglna um löggildingu.

Í annarri mgr. eru ákvæði, sem ætlað er að veita öllum matsmönnum aðhald um vandvirkni í starfi og viðhald þekkingar sinnar. Matsmenn geta ekki komið undir 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjallar m. a. um þetta efni, vegna tæmandi upptalningar í 11. gr. gildandi laga um Framleiðslueftirlitið á þeim starfsmönnum þess, er lög nr. 38/1954 taka til. Hins vegar verður að telja eðlilegt, að aðhald sé veitt í þessu efni og ættu að jafnaði að vera möguleikar á að bæta úr þekkingarskortum vegna ákvæða frumvarps um breytingu á lögum um Fiskvinnsluskólann sem flutt er jafnframt þessu frumvarpi, en í 1. gr. þess er Fiskvinnsluskólanum gert að halda námskeið til endurmenntunar matsmanna.